

Stjórn Minjasafns Austurlands kom saman til aðalfundar í Safnahúsinu fimmtudaginn 14. mars 2013 kl: 10

Mætt til fundar: Sigurjón Bjarnason, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Kristjana Björnsdóttir og Unnur Birna Karlsdóttir safnstjóri.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og safnstjóra fyrir liðið starfsár

Unnur Birna skýrði í stórum dráttum Árskýrslu Minjasafnsins fyrir árið 2012 en skýrslan í heild er aðgengileg á heimasíðu safnsins. Unnur Birna sagði frá sýningum sumarsins og fleiru sem snertir innri mál safnsins en þó lagði hún ríkasta áherslu á að ekki verður lengur unað við ástandið á húsnaðinu og úrbætur verða að koma til ef safnið á að geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu og starfsemi þess á að geta gengið eðlilega fyrir sig.

2. Afgreiðsla ársreiknings

Rekstrarniðurstaða ársins 2012 var neikvæð að fjárhæð 6,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Þess ber að geta að inn í þeirri upphæð eru afskriftir upp á kr. 6 millj. sem er nýr liður í ársreikningi safnsins. Eigið fé samlagsins í árslok nam 132,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Samkvæmt aðalsamningi um byggingu safnahúss á Egilsstöðum, dags. 16. júlí 1987, er eignarhlutdeild í Safnahúsi skilgreind og nemur hlutur Minjasafns Austurlands 53,8%. Þessi eignarhlutur hefur ekki verið færður til eignar í bókum Minjasafnsins en á árinu 2012 var ákveðið að færa hlut safnsins í Laufskógum 1 til eignar í samræmi við almennar reikningsskilareglur og reikningsskil þeirra sveitarfélaga sem að safninu standa. Áhrif þessarar hækkunar á eigið fé nemur 142,0 millj. kr.

Reikningurinn borinn upp og samþykktur einróma og síðan undirritaður af stjórn og safnstjóra.

3. Kjör endurskoðenda

Samþykkt að KPMG verði endurskoðandi eins og verið hefur.

4. Önnur mál

Stjórnin staðfesti með undirritun að heimila bókara Minjasafnsins skoðunaraðgang og takmarkaðan aðgerðaaðgang að netbanka sem gefur möguleika á að senda launaseðla rafrænt og sækja yfirlit reikninga og fleira.

Nýr samstarfssamningur frá 2011, sem var samþykktur af stjórn safnsins og þá strax undirritaður af Borgarfjarðarhreppi, hefur ekki enn hlotið undirritun annarra eigenda.

Samstarfssamningur sem er efnislega í takt við lög og reglur um safnastarf og þróun á sveitarstjórnarstigi í heimahéraði er lykilforsenda í starfsemi Minjasafnsins. Safnstjóra er falið að ganga eftir undirritunum eigenda enda er skjalið nauðsynlegt fylgigagn með umsóknum um fjármagn til safnsins, skv. nýjum kröfum í styrkjaumhverfinu.

Fundi slitið kl: 11:40

Kristjana Björnsdóttir
ritaði